

Ársskýrsla stjórnar Fjöruverðlaunanna – bókmenntaverðlauna kvenna á Íslandi 2020

Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna á Íslandi, héldu áfram að dafna á árinu.

Allt frá stofnun félagsins 2014 árin hefur verið unnið við að straumlínulaga rekstur Fjöruverðlaunanna og koma á föstum styrktarlínum, sem þýðir að öll umsýsla og undirbúningur er auðveldari og framtíð verðlaunanna því tryggari.

Á þeim fimm árum sem liðin eru frá stofnun félagsins, hefur stjórn tekist að hagræða svo sannarlega í umsýslu verðlaunanna. Þó er ljóst að ekki er hægt að skera meira við nögl, bráðnauðsynlegt er að tryggja fasta fjármögnun til umsýslu Fjöruverðlaunanna svo þau leggist ekki af.

Þann 2. september 2019 sendi stjórn út bréf á skráða félaga í Félagi um Fjöruverðlaunin þar sem þeir voru beðnir um að taka þátt í skoðanakönnun og láta í ljós álit sitt hvort ætti að taka upp félagsgjöld, og ef svo, hve há. 48 tóku þátt í könnuninni, eða þriðjungur félagsfólks. Yfirgnæfandi meirihluti svarenda var sáttur við að taka upp árgjöld í félaginu, eða 98%. Töldu flestir að árgjald ætti að vera 2.000 kr.

Í kjölfar þessa samráðs lagði stjórn Fjöruverðlaunanna til við aðalfund 2019 að setja á félagsgjöld, 2.000 kr. á ári, sem var samþykkt, en félagsgjöld hafa ekki áður verið sett í félaginu. Er það von stjórnar að þessi félagsgjöld muni tryggja framtíðarstarfsemi verðlaunanna, svo að starfsemin sé ekki háð duttlungum styrktaraðila.

Fjöruverðlaunin hafa aldrei verið peningaverðlaun og ljóst er að þau verða ekki peningaverðlaun nema til komi mikið og samstillt átak stjórnar, félagsmanna, hagsmunaaðila fyrirtækja og opinberra aðila.

Félagar í Félagi um Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna voru 163 undir lok starfsárs.


Starfsárið 2019–2020

Aðalfundur Fjöruverðlaunanna var haldinn 12. september 2019. Á aðalfundinum var samþykkt eftirfarandi breytingar á 7. grein laga Félags um Fjöruverðlaunin:

VAR

7. grein

Stjórn félagsins skal skipuð 5 félagsmönnum, formanni og 4 meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi til þriggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn starfar samkvæmt





starfsreglum sem hún setur sjálfri sér. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Firmariton er í höndum meirihluta stjórnar.

VERÐUR:

7. grein

Stjórn félagsins skal skipuð 4 félagsmönnum, formanni, 2 meðstjórnendum í aðalstjórn og 1 meðstjórnanda í varastjórn, kjörnum á aðalfundi til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn starfar samkvæmt starfsreglum sem hún setur sjálfri sér. Stjórn fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Firmariton er í höndum meirihluta stjórnar.

Kosið var til formanns og stjórnar á aðalfundinum. Í framboð til formanns var Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir. Í framboði sem meðstjórnendur í aðalstjórn voru Helga Birgisdóttir og Erla E. Völudóttir. Í framboði sem meðstjórnandi í varastjórn var Ásbjörg Una Björnsdóttir. Formaður og stjórn voru kosnar með lófataki.

Guðrún Birna Eiríksdóttir og Valgerður Þórsdóttir viku úr stjórn og þakkar Félag um Fjöruverðlaunin þeim fyrir gott starf sitt fyrir félagið.

Í framboði til skoðunarmanna reikninga voru Halldóra Sigurdórsdóttir og Védís Skarphéðinsdóttir, og voru þær kosnar með lófataki.

Auglýst var eftir bókum eftir konur að leggja fram til verðlaunanna fyrir 1. nóvember 2019. Dómnefndir verðlaunanna voru fullskipaðar og höfðu sér til fulltingis verklagsreglur. Félag íslenskra bókaútfendenda sá við móttöku bóka frá útfendendum en stjórnarkonur deildu systurlega með sér keyrslu á bókum til dómnefnda, þrisvar á tímabilinu.

Fyrstu árin var síðasti skilafrestur á eintökum bóka verið í kringum 10. nóvember, en það var mikið gagnrýnt af dómnefndum sem fengu lítinn tíma til að lesa bækurnar. Árið 2018 var gerð sú tilraun að hafa þann skilafrest 1. nóvember, en sú tilraun reyndist ekki vel og voru margar bækurnar sem komu úr prentun eftir að skilafrestur var liðinn. Eftir samtal við starfsmann FÍBÚT sem sér um umsýslu Íslensku bókmenntaverðlaunanna var tekin sú ákvörðun að halda skilafresti 1. nóvember árið 2019, en útfendendum sem ekki var unnt að koma prentuðum bókum til skila fyrir þann tíma var gert skylt að senda rafrænt eintak á dómnefnd og skila prentuðu eintaki fyrir föstudaginn 22. nóvember 2019.

Mikil umsýsla var í kringum að koma bókum til dómnefnda. Stjórn ákvað á starfsárinu að taka fyrir það að bókaútfendur kæmu bókum beint til dómnefndakvenna, til að tryggja að einu samskiptin við dómnefnd færu fram í gegnum stjórn, og þurfti stjórn því að keyra bækur þrisvar til dómnefndakvenna á tímabilinu. Fyrsta keyrsla fór fram í lok október þegar þá var kominn bunki af bókum á skrifstofu FÍBÚT. Önnur keyrsla fór fram eftir opinberan skilafrest 1. nóvember. Og síðasta keyrsla fór fram eftir 22. nóvember, þegar lokaskilafrestur prentaðra eintaka var liðinn.

Mikil fjölgun var milli ára á bókum sem lagðar voru fram til Fjöruverðlaunanna. 91 var lögð fram til Fjöruverðlaunanna 2019, en 106 fyrir verðlaunin 2020, 35 bók í flokki barna- og unglingsbókmennta, 43 í flokki fagurbókmennta og 28 í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis. Á Borgarbókasafni 3. desember 2019 voru kynntar tilnefningar til verðlaunanna. Dómnefndir komu saman, lásu úrskurði sína og tilnefndu þrjár bækur hver í skemmtilegri veislu þar sem boðið var upp á léttar veitingar. Þessu voru gerð góð skil í öllum helstu fjölmiðlum og netmiðlum.

Þessar bækur og höfundar hlutu tilnefningu til Fjöruverðlaunanna 2020:



Í flokki fagurbókmennta

- *Svanafólkið* eftir Kristínu Ómarsdóttur
- *Okfruman* eftir Brynju Hjálmsdóttur
- *Svínshöfuð* eftir Bergþóru Snæbjörnsdóttur, **sem hlaut verðlaunin**

Í flokki barna- og unglingsbókmennta

- *Kjarval: Málarinn sem fór sínar eigin leiðir* eftir Margréti Tryggvadóttur
- *Kennarinn sem hvarf* eftir Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur, **sem hlaut verðlaunin**
- *Villueyjar* eftir Ragnhildi Hólmgærsdóttur

Í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis

- *Öræfahjörðin: Saga hreindýra á Íslandi* eftir Unni Birnu Karlsdóttur
- *Jakobína: Saga skálds og konu* eftir Sigríði Kristínu Þorgrímsdóttur, **sem hlaut verðlaunin**
- *Listin að vefa* eftir Ragnheiði Björk Þórsdóttur

Reykjavíkurborg sem er ein af bókmenntaborgum UNESCO er sérlegur verndari verðlaunanna. Samstarfið er skilmálalaust en stjórn Fjöruverðlaunanna hefur ítrekað við borgina að þau vilji halda sjálfstæði og sjálfræði – eiga sig sjálf. Aðkoma Bókmenntaborgarinnar er að hún mun til framtíðar fjármagna og hýsa verðlaunaafhendinguna.

Fjöruverðlaunin 2020 voru afhent 15. janúar 2020 í húsakynnum borgarinnar í Höfða. Formaður stjórnar stýrði samkomunni, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri Bókmenntaborgar UNESCO – Reykjavík ávarpaði gesti, og verðlaunahafar ársins 2019 veittu nýjum verðlaunahöfum verðlaun. Dagskrá athafnarinnar er komin í fastar skorður, stutt og snörp, og athygli á verðlaunahafa. Boðsgestir voru um 86 talsins. Verðlaunahafar árið 2020 fengu áletrað egg hannað af Koggu og blómvönd. Þessu voru gerð góð skil í öllum helstu fjölmiðlum og netmiðlum.

Um kvöldið bauð stjórnin dómnefndum og velunnurum Fjöruverðlaunanna í veislu á heimili formanns.

Dómnefndir unnu gott og óeigingjarnt starf og þökkum við þeim fyrir. Í dómnefnd fagurbókmennta sátu Elín Björk Jóhannsdóttir, Jóna Guðbjörg Torfadóttir og Kristín Ástgeirsdóttir, í dómnefnd fræðibóka og rita almenns eðlis sátu Dalrún J. Eygerðardóttir, Sóley Björk Guðmundsdóttir og Þórunn Blöndal, og í dómnefnd barna- og unglingsbókmennta sátu Guðrún Jóhannsdóttir, Hildur Ýr Ísberg og Sigrún Birna Björnsdóttir.

Allt samstarf við dómnefndir, Félag íslenskra bókaútgefenda, Borgarbókasafn, Pipar/TBWA Koggu og Reykjavíkurborg gekk vel.

Yfirstandandi og áframhaldandi verkefni

Á aðalfundi 2018 var ákveðið að afhenda á árinu öll gögn Fjöruverðlaunanna til Kvennasögusafns Íslands og vinna betur í vefsíðu félagsins, birta þar t.d. upplýsingar um allar bækur sem tilnefndar hafa verið til Fjöruverðlaunanna til að auka sýnileika rithöfundanna og gefa út sérstaka útgáfu vefsíðunnar á ensku. Þeirri vinnu er ekki enn lokið.